

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 23. nóvember 2005.

**Efni: Frv. til I. um br. á vskl. nr. 50/1988 (12. mál).**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur annars vegar í sér að ekki þurfi að greiða virðisaukaskatt af veggjöldum og hinsvegar að greitt verði 14% virðisaukaskattur af ritaútgáfu á netinu.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins ber fyrst að nefna að Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum um minnkandi skattbyrði. Hér er hinsvegar ekki um tillögu um skattalækkun að ræða heldur er hér mælt fyrir um enn eina undanþágu frá virðisaukaskatti. Rökin í greinargerðinni eru í stuttu máli þau að Hvalfjarðargöngin séu jákvæð. Slík rök ein og sér duga ekki enda mörg jákvæð og nauðsynleg vara og þjónusta sem ber virðisaukaskatt. Viðskiptaráð vekur athygli á hugmyndum sínum um 15% flatan skatt sem fela það t.d. í sér eitt virðisaukaskattþrep án undanþága. Slíkt einfalt kerfi er til þess fallið að fækka undanskotum auk þess sem það skapar jafnræði milli ólíkra tegunda tekna og ólíkra atvinnuvega. Með einföldu kerfi er einnig tryggt að markmiði skattheimtu sé náð, þ.e. að afla ríkissjóði tekna.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga. Ekki er gerð athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson